

Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur

Þetta skjal veitir lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Þetta er ekki efni ætlað til markaðssetningar. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja lykilþætti, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Heiti afurðar	Línulegur fastur framtíðarsamningur tengdur afköstum sýndareignar. Heildarlisti er aðgengilegur á https://support.kraken.com/hc/en-us/articles/perpetual-contract-specifications-for-clients-in-the-eea
Dreifingaraðili afurðar	Payward Europe Digital Solutions (CY) Limited (PEDSL-CY) (vefsíða: eu.kraken.com). Hringdu í +353 1 223 8162 fyrir frekari upplýsingar.
Lögbært eftirlitsyfirvald PEDSL-CY	Kýpverska verðbréfa- og gjaldeyrisviðskiptanefndin
Dagsetning og tími sem þetta lykilupplýsingaskjal var samið	13 má 2025, 09.00 (GMT+2)

Þú ert í þann mund að fjárfesta í afurð sem er ekki einföld og gæti verið erfitt að skilja.

1. Hvaða afurð er þetta?

Áthugið: Feitletruð hugtök í þessum hluta eru skilgreind í töflunni hér að neðan

Gerð	Viðskipti með afleiðusamning á viðskiptavettvangi sem tengist frammistöðu undirliggjandi sýndareignar (eins og skilgreint er hér að neðan). Afurðin er línulegur fastur framtíðarsamningur.		
	Afurðinni fylgir óbein áhættuskuldbinding við verð undirliggjandi sýndareignar án þess þó að undirliggjandi sýndareignin sé í þinni eigu. Sýndareign er stafræn virðisútgáfa réttar sem er hægt að flytja og vista rafrænt með jöfnunarbók og dæmi um slíkar sýndareignir eru t.d. Bitcoin (BTC), Ripple (XRP) og Ethereum (ETH). Afurðin veitir enga vernd fyrir framtíðarafkomu undirliggjandi sýndareignar og þú kannt að tapa meiri fjármunum en þú fjárfestir í upphafi.		
Gildistími	Afurðin er fastur framtíðarsamningur þar sem lausir gjalddagar eru: (i) Mánaðarlega, Ársfjórðungslega; og (iii) Hálfárslega. Þú getur valið hvaða gjalddaga þú velur þegar þú kaupir afurðina. Stöður fasts framtíðarsamnings sem eru geymdar til gjalddaga eru gerðar upp með uppgjörsfjárhæð, gefin upp í USD, sem jafngildir verðmæti undirliggjandi sýndareignar með vísan til viðmiðunarvísitöluverðs þess á gjalddaga. Línulegir fastir framtíðarsamningar eru á gjalddaga á föstudögum klukkan 08:00 UTC tíma og gera upp innan 15 mínútna eftir það. Þú þarft ekki að biða til gjalddaga og getur selt afurðina hvenær sem er fyrir gjalddaga, að því gefnu að það sé nægilegt framboð/eftirspurn.		
Markmið	Yfirlit: Línulegur fastur framtíðarsamningur er afleiðusamningur með stöðluðum ákvæðum kaupanda (sem tekur „gnóttstöðu“) og seljanda (sem tekur „skortstöðu“) og veitir skuldssetta stöðu við undirliggjandi sýndareign án þess að veita beinan eignarhlut, eignarrétt eða réttindi yfir undirliggjandi sýndareign. Framtíðarsamningur er gerður upp daglega gerir þér kleift að leita ágóða af verðhreyfingum undirliggjandi sýndareignar. Skuldsetning: Afurðin er skuldsett og því þarftu ekki að greiða virði undirliggjandi sýndareignar þegar þú kaupir afurðina. Opnun stöðu krefst þess hins vegar að þú reiðir af hendi hlutfallslega upphafsgreiðslu, en upphæð hennar fer eftir skuldsetningarhlutfallinu sem tilgreint er í samningnum. PEDSL-CY kann að loka stöðu þinni ef virði afleiðuveskisins er lægra en skilyrði um hlutfallslegt lágmarkshlutfall, sem kallast „viðhaldshlutfall“. Þú kannt að tapa hærri fjárhæð en sem nemur hlutfallinu þegar þú hættir stöðunni, sem þýðir að þú kannt að tapa meiri fjármunum en þú fjárfestir í upphafi. Hægt er að skoða gerðir viðskipta með lánsfé í öðrum gjaldmiðlum og studdar sýndareignir sem gjaldgengt hlutfall á https://support.kraken.com/hc/en-us/articles/collateral-currencies-eea og kann að vera breytt af PEDSL-CY annað veifið („veðeignir“). Skerðingar- og umreikningsgjöld eiga við um viðskipti með lánsfé í öðrum gjaldmiðlum en USD Hagnaður eða tap: Kaupandi og seljandi taka gagnstæðar stöður m.t.t. verðþróunar framtíðarsamningsins. Fjárfestar sem gera ráð fyrir að verð eignar muni hækka, taka yfirleitt „gnóttstöðu“. Fjárfestar sem gera ráð fyrir verðlækkun, taka yfirleitt „skortstöðu“. Fjárfestar sem gera „gnóttsamninga“ munu hagnast ef samningsverð við lokun er hærra en upphafsverð við opnun og munu tapa ef verð við lokun er lægra en kaupverðið. Hið gagnstæða á við um skortstöðu, fjárfestar „skortsamninga“ munu hagnast ef samningsverð við lokun er lægra en upphafsverð við opnun og tapa ef lokaverð er hærra en kaupverðið.		
Undirliggjandi sýndareign	Allar gjaldgengar sýndareignir sem eru tiltækar á Kraken-viðskiptavettvanginum. Hægt er að nálgast lista yfir allar undirliggjandi sýndareignir fyrir afurðina á https://support.kraken.com/hc/en-us/articles/perpetual-contract-specifications-for-clients-in-the-eea	Hæfar tryggingar	Frekari upplýsingar um eignir í eignasafni þínu sem eru metnar gjaldgengar af PEDSL-CY sem tryggingar fyrir áhættuskuldbindingu vörunnar er að finna á https://support.kraken.com/hc/en-us/articles/collateral-currencies-eea

Fyrirhugaðu r almennur fjárfestir	Afurðin er ætluð almennum fjárfestum sem uppfylla öll af eftirfarandi skilyrðum:
	(a) fjárfestum sem hafa viðtæka þekkingu og/eða reynslu af afleiðum og afurðum með áhættuskuldbindingu við sýndareignir og gera sér grein fyrir áhættunni og ágóðanum sem kann að fylgja slíkum afurðum;
	(b) fjárfestum sem hafa að fjárfestingarmarkmiði að kjörnýta arðsemi eigin fjár, skuldsetningu til stefnuvirkar fjárfestingar, högnunar eða vogunaraðgerðir og búast við því að afköst undirliggjandi eignar skili arði;
	(c) fjárfestum sem hafa skammtíma fjárfestingu að leiðarljósi og fylgjast reglubundið með afköstum afurðarinnar til að geta gripið til aðgerða í tíma er varðar kjörnar útgönguáætlanir;
	(d) fjárfestum sem leitast ekki við að vernda eigið fé og kunna að tapa hærri fjárhæð en nemur upprunalegri fjárfestingu með eigin fé;
	(e) fjárfestum sem gangast undir áhættuna að gagnaðili muni ekki standa við skuldbindingar sínar og
	(f) fjárfestum sem gera sér grein fyrir að viðskiptum með sýndareignir fylgir umtalsverð áhætta vegna mikilla sveiflna undirliggjandi sýndareigna og að þessi afurð sé í áhættuflokki 7 af 7.

2. Hver er áhættan og hver gæti ávinningurinn orðið?

Áhættuvísir

1	2	3	4	5	6	7
Minni áhætta áhætta						Meiri
 Áhættuvísir miðast við að þú haldir í afurðina þar til ráðlögðum eignaraðildartíma lýkur. Í tilvikum þegar þú selur fjárfestinguna snemma, kann raunveruleg áhætta að vera töluvert frábrugðin og arður kann að vera lægri.						

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hve líklegt er að afurðin tapi peningum vegna hreyfinga á markaði eða vegna þess að við getum ekki borgað þér. Við höfum flokkað þessa afurð sem 7 af 7, sem er hæsti áhættuflokkurinn. Þetta gefur til kynna að mjög mikil hættu sé á tapi vegna framtíðarafkomu og að slæmar markaðsaðstæður séu líklegar til að hafa áhrif á greiðslugetu okkar gagnvart þér.

Hafðu gjaldeyrisáhættu í huga. Ef uppgjörsgjaldmiðillinn sem þú færð greiðslur í er annar en gjaldmiðill þinn veltur endanlegur hagnaður á gengi gjaldmiðlanna tveggja. Ekki er tekið tillit til þessarar áhættu í vísinum hér að ofan.

Í sumum tilvikum gætir þú þurft að reiða fram greiðslur ef tap verður. Þú gætir tapað verulegum fjármunum.

Þessi afurð felur ekki í sér neina vörn gegn markaðsframmistöðu í framtíðinni og því gætir þú orðið fyrir umtalsverðu tapi. Ef við getum ekki greitt þér það sem þér ber gætir þú orðið fyrir umtalsverðu tapi. Slíkt kallast „útlánaáhætta“.

Árangurssviðsmyndir

Framtíðarframmistaða á markaði ræður því hverju þessi afurð mun skila þér. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki er hægt að spá fyrir um hana með vissu. Tilgreindar sviðsmyndir eru aðeins til hliðsjónar og eru byggðar á fyrri niðurstöðum og tilteknum ályktunum. Markaðir geta þróast á afar frábrugðinn hátt í framtíðinni.

Slíkar árangurssviðsmyndir eru tilgreindar að því gefnu að undirliggjandi sýndareign sé Bitcoin, gjalddagi afurðarinnar sé ársfjórðungslega, þeir dagar sem eftir eru til gjalddaga séu 90 og afurðin sé gnóttstaða með aðgangsverð að upphæð 80.000 BTC/USD. Ólíkar niðurstöður kunna að fást ef mismunur er á áðurnefndum eiginleikum.

Ráðlagt eignartímabil	1 almanaksdagur (dæmatímabil)	
Fjárfesting	1,000 USD	
	sem samsvarar grundvallarfjárhæð samningsins að upphæð 10.000 USD (10x skuldsetning)	
Sviðsmyndir	Ef þú hættir eftir 1 dag	
Lágmark	Engin lágmarksávöxtun er tryggð. Þú gætir orðið fyrir umtalsverðu tapi eða gætir þurft að greiða meira vegna taps.	
Álag	Hagnaður eða tap að frádregnum kostnaði	-347.19 USD
	Ávöxtun í prósentum (ekki árleg)	-34.72%
Óhagstæð	Hagnaður eða tap að frádregnum kostnaði	-244.75 USD
	Ávöxtun í prósentum (ekki árleg)	-24.48%
Hóflegt	Hagnaður eða tap að frádregnum kostnaði	-6.76 USD
	Ávöxtun í prósentum (ekki árleg)	-0.68%
Hagstæð	Hagnaður eða tap að frádregnum kostnaði	+343.65 USD
	Ávöxtun í prósentum (ekki árleg)	+34.37%

(*) Arðurinn er reiknaður sem prósentuhlutfall af fjárfestu fjárhæðinni

Tölurnar sem sýndar eru innihalda allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við erfiðar markaðsaðstæður. Álagssviðsmyndin og óhagstæðar, í meðallagi hagstæðar og hagstæðar sviðsmyndir hér að ofan eru dæmi um fræðileg afköst afurðarinnar með 5. verstu afköstum, 10. verstu afköstum, meðalafköstum og 10. bestu afköstum, í hverju tilviki fyrir sig, sem hafa verið skráð fyrir afurðina á síðastliðnum 2 árum. Sviðsmyndir eru ekki framtíðarspá.

3. Hvað gerist ef við getum ekki greitt út?

Þú gengst undir hættuna á að mótaðillinn geti hugsanlega ekki staðið við skuldbindingar sínar varðandi afurðina. Í tilvikum þegar mótaðili lendir í greiðsluþroti verður afurðin seld samkvæmt gildandi skilmálum. Þrátt fyrir að tryggingarþekja sé til staðar til að draga úr áhættu vegna lausafjárstöðu mótaðilans, kunna slíkar ráðstafanir tryggingarþekju ekki að ná að öllu leyti til áhættuskuldbindingar þinnar gagnvart mótaðilanum og þú kannt að tapa hærri upphæð en sem nemur upphaflegri fjárfestingu þinni.

Þú gengst einnig undir hættuna á að PEDSL-CY kunni að vera ófært um að greiða umrædda fjárhæð fyrir afurðina t.d. í tilvikum þegar gjaldþrot verður eða opinber tilskipun berst um skilaaðgerð. Slíkt kann að hafa neikvæð áhrif efnislega á virði afurðarinnar og kann að valda því að þú tapir allri eða hluta fjárfestingar þinnar í afurðinni. Hafðu í huga að allir fjármunir viðskiptavina eru aðskildir frá eiginfjárgrunni PEDSL-CY.

PEDSL-CY er aðili að Jöfnunarsjóði viðskiptavina kypveskra fjárfestingafyrirtækja (CIF) („Sjóðnum“). Markmið sjóðsins er að tryggja bótakröfur tryggðra viðskiptavina gegn aðilum sjóðsins og að greiða tryggðum viðskiptavinum bætur vegna bótakrafna í tilvikum þegar meðlimur sjóðsins stendur ekki við skuldbindingar sínar. Sérstakir skilmálar gilda um getu sjóðsins til að uppfylla bótakröfur. Sjóðurinn býður upp á gjaldgengar fjárfestingar sem eru allt að 20.000 evrum á hvern aðila. Frekari upplýsingar um sjóðinn er að finna á <https://eu.kraken.com/policies>.

4. Hver er kostnaðurinn?

Kostnaður yfir tíma

Tölur sýna upphæðirnar sem verður að greiða til að standa undir mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir fara eftir því hvað þú fjárfestir miklu, hversu lengi þú heldur afurðinni og hversu vel henni gengur. Fjárhæðir sem eru sýndar hér eru til hliðsjónar og eru dæmi um upphæð fjárfestingar og ólík fjárfestingartímabil. Í dæminu nemur upphaflega fjárfestingin 1,000 USD í 10x skuldsettum föstum framtíðarsamning í Bitcoin með gjalddaga upp á 90 daga, staðan er gnóttstaða, henni er hætt eftir 1 dag. Ólíkar niðurstöður kunna að fást ef mismunur er á áðurnefndum eiginleikum. Ítarlegar upplýsingar um kostnað og gjöld er hægt að nálgast á <https://support.kraken.com/hc/en-us/articles/360048917612-Fee-schedule>.

Hér er gert ráð fyrir eftirfarandi: (i) Þú hefur hvorki notið hagnaðar né orðið fyrir tapi (0% ársávöxtun) og (ii) upphaflega fjárfestingin er að upphæð 1,000 USD

	Ef þú hættir eftir ráðlagt eignartímabil
Heildarkostnaður	10 USD
Áhrif af kostnaði (*)	1,00%

(*) Þetta sýnir áhrif kostnaðar, í tengslum við hugsað verðmæti afurðarinnar, á eignartímabili sem er innan við eitt ár. Áðurnefnt hlutfall er reiknað út miðað við uppsafnaðan kostnað á tímabilinu, deilt í upphæð fjárfestingarinnar og er ekki hægt að bera saman á beinan hátt við fjárhæðir sem kostnaður við aðrar afurðir kunna að hafa.

Sundurliðun kostnaðar

Einskiptiskostnaður við innkomu eða útgöngu		Ef þú hættir eftir ráðlagt eignartímabil
Inngöngukostnaður	Þegar þú tekur stöðu í afurðinni greiðir þú gjald til útgefanda í USD sem er reiknað í hlutfalli við upprunalegt virði pöntunarinnar fyrir þöruð viðskipti miðað við umfang hlaupandi framtíðarsamninga þinna í 30 daga. Í þessu dæmi gerum við ráð fyrir tókugjaldi upp á af 0,05% sé innheimt af grundvallarfjárhæð afurðarinnar.	5 USD (0,05%x10.000USD)
Útgöngukostnaður	Þegar þú lokar stöðu í afurðinni greiðir þú gjald til útgefanda í USD sem er reiknað í hlutfalli við upprunalegt virði pöntunarinnar fyrir þöruð viðskipti miðað við umfang hlaupandi framtíðarsamninga þinna í 30 daga. Að halda fastan framtíðarsamning til gjalddaga (uppgjör) leiðir til tókugjalds. Í þessu dæmi gerum við ráð fyrir tókugjaldi upp á 0,05% sé innheimt af grundvallarfjárhæð afurðarinnar.	5 USD (0,05%x10.000USD)
Viðvarandi kostnaður		
Umsýslugjöld og annar stjórnunar- eða rekstrarkostnaður	Á ekki við	Á ekki við
Viðskiptakostnaður	Á ekki við	Á ekki við
Tilfallandi kostnaður við sérstök skilyrði		
Árangurstengdar þóknarir	Á ekki við	Á ekki við

5. Hve lengi á ég að halda fjárfestingunni og get ég tekið fé út fyrirfram?

Afurðin er afar sveiflukennd og því er engin ráðlagður tími eignaraðildar fyrir hendi. Í því skyni að birta áskildar upplýsingar samkvæmt lagaskilyrðum, er vísað til ráðlagðs tíma eignaraðildar í þessu lykilupplýsingaskjali sem nemur einum virkum degi.

Afurðin bregst við minnstu verðsveiflum undirliggjandi eignarinnar og kann að skila ágóða eða tapi á óútreiknanlegu tímabili. Ráðleggingar um tíma eignaraðildar í hverju tilviki fyrir sig myndi gefa fjárfestum misvísandi upplýsingar. Fjárfestar ættu að fylgjast reglulega með stöðu sinni til að finna ákjósanlega tíma til að hætta eða draga úr fjárfestingu sinni með því að senda innlausnarskipun á Kraken-vettvanginum.

6. Hvernig legg ég fram kvörtun?

Hægt er að senda kvartanir af öllum toga á vefsvæði PEDSL-CY <https://support.kraken.com/hc/en-us/forms/9299613151508> og einnig á netfangið á vefsvæðinu sem var notað til að hafa samband. Kvartanir skulu tilgreina heiti afurðarinnar og auðkenni viðskiptanna sem þú fékkst úthlutað (eins og það er tilgreint á vettvanginum á viðskiptalistanum þínum) auk ástæðu fyrir kvörtuninni.

7. Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Upplýsingar sem koma fram í þessu lykilupplýsingaskjali skal hvorki telja sem ráðleggingar til að kaupa né selja afurðina. Þú ættir einungis að stunda viðskipti með afleiður ef þú gerir þér grein fyrir áhættunni sem fylgir því. Hægt er að nálgast ítarlegt og fræðandi efni um þessa afurð og sýndareignir á <https://eu.kraken.com/learn>. Þegar bið verður á milli þess sem þú leggur fram pöntunina og þegar hún er framkvæmd, kann pöntunin þín ekki að vera framkvæmd á verðinu sem þú bjóst við. Gakktu úr skugga um að nettengingin sé nægilega öflug áður en viðskiptin hefjast. Vefsíðan <https://eu.kraken.com> inniheldur mikilvægar upplýsingar um aðgang þinn, lagalega skilmála okkar fyrir þessa afurð og reglur okkar. Gakktu úr skugga um að þú hafir kynnt þér gaumgæfilega alla skilmálana sem gilda um reikninginn þinn.